



Kópavogskaupstaður

FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐ
Fannborg 4 – Pósthólf 206 – 202 Kópavogur

Alþingi

Erindi nr. P 118 / 391

komudagur 7 / 12 1994


Kópavogi, 6. desember 1994

Til menntamálanefndar Alþingis.

Skólanefnd Kópavogs leyfir sér að senda háttvirtri menntamálanefnd Alþingis meðfylgjandi ábendingar og athugasemdir um frv. til laga um grunnskóla.

Virðingarfyllst,

f.h. Skólanefndar Kópavogs


Sigurður H. Benjamínsson
skólafulltrúi

Alþingi

Erindi nr. P 118 / 391

komudagur 7 / 12 1994

Desember 1994

Ábendingar og athugasemdir Skólanefndar Kópavogs vegna frv. til laga um grunnskóla.

Full þörf er á að frumvarpinu/lögnum fylgi skilgreining hugtaka.

Skólanefnd Kópavogs er hlynnt flutningi grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga en bendir á að ýmislegt í frumvarpinu þarfnast nánari athugunar, bæði hvað varðar kostnaðarhlið málsins og hina faglegu.

Í gildandi lögum um grunnskóla eru t.d. ákvæði um að stefnt skuli að m.a. skólamáltíðum og einsetnum skólum - ákvæði sem enn eru óuppfyllt - en frumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarfélögin hrindi þessum sömu ákvæðum í framkvæmd strax eða innan einhvers tiltekins tíma. Þetta þýðir aukinn kostnað miðað við fjárveitingar eins og þær eru nú.

Eins skal tekið fram að ýmsar stofnanir ríkisins, sem tengjast grunnskólum, hafa árum saman búið við fjárskort og af þeim sökum ekki getað veitt þá þjónustu sem eðlileg verður að teljast.

Jafnframt er vakin athygli á að reglugerðir sem ráðherra er gert að setja eða má setja, skv. frumvarpinu, kunna að hafa í för með sér aukinn kostnað og sumar hverjar áreiðanlega.

Einhver takmörk verða að vera fyrir þeim fjárhagslegu skuldbindingum sem ráðherra getur sett sveitarfélögum með reglugerð einhvern tíma eða hvenær sem er.

Í frumvarpinu verður að kveða miklu nánar á um veigamikil atriði, svo sem sérfræðiþjónustu, fjölda nemenda í bekk, fjölda kennslustunda fyrir aldurshópa og jafnvel hámarksstærð skóla.

Í frumvarpið vantar ákvæði um ágreiningsmál sem upp kunna að koma, t.d. milli skóla og sveitarfélags, milli heimilis og sveitarfélags, milli ríkis og sveitarfélags. Hvernig skal fara með slík mál ?

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélögin yfirtaki rekstur ýmissa sérskóla og sérdeilda sem ríkið greiðir nú rekstarkostnað af. Nemendur sem stunda nám í þessum deildum eru oft frá mörgum sveitarfélögum og þarf því að gera ráð fyrir því í lögum að rekstarkostnaður tilheyri heimahéraði nemanda. Rekstarkostnaður þessara skóla og sérdeilda er mjög hár á nemenda og verður að taka tillit til þess við ákvörðun um yfirfærslu rekstarkostnaðar frá ríkinu til sveitarfélaganna.

Desember 1994

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

9. gr. Stjórn grunnskóla
Hvað með ágreiningsmál milli sveitarféiaga og menntamálaráðuneytisins ?
11. gr. Skólahverfi.
Þessari grein verður að breyta svo að hún skiljist !
12. gr. Umbætur.
Sé umbóta þarf að mati skólanefndar ætti henni að vera skylt að gera tillögur um umbætur.
Hver metur hvenær húsnæði og annar aðbúnaður sé fullnægjandi ?
13. gr. Skólanefndarfundir.
Kveða þarf á um fjölda fulltrúa skólastjóra á fundum skólanefndar.
14. gr. Skólastjórar.
Fram þyrfti að koma að skólastjóri beri ábyrgð á starfi skóla í umboði sveitarstjórnar.
20. gr. Nafn skóla.
Sveitastjórn ein ákveði nafn skóla.
27. gr. Vinnuálag nemenda.
Setja verður hámark á kennslustundir nemenda.
33. gr. Námsgögn eða annað efni.
Hér kann að vanta ákvæði um kostnað vegna ferðalags, annarra en vettvangsferða.
36. gr. Sérstök kennsla í íslensku, sérstakur stuðningur í námi, sérfræðipjónusta o.s.frv.
Alls staðar þar sem í frumvarpinu er talað um þessi atriði verður að taka ákveðnar og skýrar til orða svo að réttur nemenda verði betur tryggður.